

Viðauki II



**Athugasemdir úr innanlandssamráði, andsvör
Mílu og afstaða Fjarskiptastofu**

**Kostnaðargreining á heildsöluverðum fyrir
ljósbylgjur og breyting á viðmiðunartilboði
leigulína**

Málsnúmer: 2023050044

9. janúar 2024

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	3
2	Athugasemdir Nova	3
3	Svör Mílu.....	3
4	Afstaða FST	4

1 Inngangur

- (1) Frumdrög að ákvörðun Fjarskiptastofu (FST) um kostnaðargreiningu á heildsöluverðum fyrir ljósbylgjur og breytingu á viðmiðunartilboði leigulína fór í innanlandssamráð sem stóð frá 24. nóvember til 27. desember 2023.
- (2) Athugasemdir bárust frá Nova. FST sendi athugasemdir Nova til umsagnar hjá Mílu.
- (3) Í eftirfarandi köflum koma fram athugasemdir Nova, svör Mílu og afstaða FST.

2 Athugasemdir Nova

- (4) Athugasemdir bárust frá Nova með bréfi dags. 27. desember 2023. Eftirfarandi kom fram í athugasemdum Nova:

„Nova sér ekki betur en að vel hafi verið staðið að þeirri kostnaðargreiningu sem málið varðar, en álítur þó mikilvægt að greiningin verði endurskoðuð hið fyrsta á grundvelli raunkostnaðar Mílu af veitingu þjónustunnar, og jafnvel fyrr en drögin gera ráð fyrir.

Þá vill Nova koma á framfæri þeirri athugasemd við greiningu heildarkostnaðar á ári við bylgjulengdarkerfið, sbr. gr. 4.7.1 í drögunum (málgrein 87), að Nova álítur hlutfall kostnaðar af fiber í hærra lagi í mati Mílu. Nova starfrækir bylgjulengdarkerfi og þekkir því vel til rekstrar slíks kerfis. Að mati Nova nemur hlutfall þessa liðar í kostnaði af rekstri kerfisins um 72%, en ekki 79% eins og mat Mílu byggir á. Mat Nova byggir á því að rekstrarliðurinn feli í sér leyfisgjöld til birgja og rekstur á virkum búnaði, s.s. rafmagn, hýsingu og kælingu, fiber-liðurinn feli í sér gjöld fyrir netsamband (dark fiber) og overhead feli í sér starfsmannakostnað tæknimanna og annan slíkan rekstrarkostnað.

Nova leggur áherslu á að mikilvægt sé að Nova njóti sömu kjara og Míla í netsamböndum til þess að tryggja virka samkeppni í veitingu þeirrar þjónustu sem á þeim byggja, og því sérstaklega mikilvægt að sá liður í kostnaði við veitingu umræddrar þjónustu sé rétt metin í kostnaðargreiningu.

Að öðru leyti en að framan greinir sér Nova ekki ástæðu til að gera athugasemdir við umrædda kostnaðargreiningu.“

3 Svar Mílu

- (5) Í tölvupósti þann 2. janúar 2024 kom Míla með eftirfarandi svar við umsögn Nova:

„Míla telur að áætlun FST um endurskoðun á gjaldskrá fyrir ljósbylgjur á fyrri hluta ársins 2025 sé skynsamleg, Míla fær þá um eitt ár til að leiða fram eftirspurn eftir þessari vöru sem að mati Mílu mætti vart vera skemmri tími. Varðandi hlutfall ljósleiðara í kostnaði þá er kostnaðurinn reiknaður út frá gildandi verðskrá sem er

byggð á samþykktri kostnaðargreiningu FST. Núverandi verðskrá fyrir ljósleiðara er byggð á kostnaðargreiningu frá 2019 og því eðlilegt að hún sé endurskoðuð með tilliti til raunkostnaðar á hverjum tíma og fylgi þeim reglum sem um hana gilda á hverjum tíma. Míla bendir á að sama verðskrá gildir fyrir ytri og innri aðila og er það í samræmi við þær kvaðir sem hvíla á Mílu á þessum markaði.“

4 Afstaða FST

(6) Að mati FST er nokkur óvissa um eftirspurn eftir þessari vöru, þ.e. fyrir utan innri not Mílu. Þá er einnig einhver óvissa um rekstrarkostnað við þjónustuna. Því taldi FST rétt að endurskoða þessa kostnaðargreiningu fljótlega en miðað er við að Míla leggi fram uppfærða kostnaðargreiningu þann 1. mars 2025 sem gefur Mílu færi á að afla upplýsingum um kostnað vegna þessara þjónustu fyrir rekstrarárið 2024 og uppfæra kostnaðargreininguna með nýjum tölum um fjölda sambanda. FST telur að þetta sé hæfilegur frestur til að uppfæra kostnaðargreininguna.

(7) Hvað varðar hlutfall kostnaðar við leigu á ljósleiðara af rekstrarkostnaði þá er kostnaðurinn í samræmi við gjaldskrá Mílu og er nákvæmlega tilgreindur fyrir hvern legg í kafla 4.3.1. Þar sem leiga á ljósleiðara fer eftir gjaldskrá Mílu er Nova að njóta sömu kjara og Míla. FST er ekki kunnugt um hversu víðfeðmt bylgjulengdarkerfi Nova er en þessi kostnaður er mjög háður uppbyggingu kerfisins þar sem kostnaðurinn er beintengdur mánaðarverði fyrir hvern km. Það að hlutfall kostnaðar við leigu á ljósleiðara í rekstrarkostnaði sé lægra hjá Nova getur líka bent til þess að annar rekstrarkostnaður sé hærri hjá Nova en Mílu, þ.e. að hann sé vanáætlaður í kostnaðargreiningu Mílu eða að Míla njóti stærðarhagkvæmni. Því telur FST nauðsynlegt að kostnaðargreiningin sé endurskoðuð í byrjun næsta árs.

(8) FST telur ekki vera ástæðu til að breyta ákvörðunardrögum vegna athugasemda Nova en þær staðfesta hins vegar nauðsyn þess að kostnaðargreiningin verði uppfærð þegar meiri reynsla er komin á þessa nýju þjónustu.